

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 59. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1974.

Dagana 5.—25. júní 1974 var 59. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) háð í Genf í Sviss, en tvo dagana næstu á undan höfðu hinir þrjú flokkar þingfulltrúa, þ. e. ríkisstjórnafulltrúar, atvinnurekendafulltrúar og verkamannafulltrúar, haldið fundi til þess að ræða sérmál sín og viðhorf til einstakra mála á dagskrá þingsins.

Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber hverju aðildarríki að senda fjóra fulltrúa til Alþjóðavinnumálaþings. Skal einn þeirra tilnefndur í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og annar í samráði við aðalsamtök verkafólksins í landinu. Þá er aðildarríkjum og heimilt innan vissra takmarka að tilnefna varamenn og ráðunauta hinum tilnefndu aðalfulltrúum til aðstoðar og ráðuneytis. Frá mörgum ríkjum koma því fjölmennar sendinefndir til þings. Á þessu þingi voru t. d. 17 danir, 21 finni, 17 norðmenn og 33 sviar. Alls sátu þetta þing yfir 1400 manns frá 119 ríkjum, en aðildarríki ILO voru þá 125.

Fulltrúar Íslands á þinginu voru Einar Benediktsson sendiherra, Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands og Snorri Jónsson framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands.

Á dagskrá þingsins voru þessi mál:

- I. Skýrsla framkvæmdastjóra.
- II. Fjárhagsmál.
- III. Framkvæmd samþykta Alþjóðavinnumálaþings.
- IV. Námsleyfi með launum (síðari umræða).
- V. Eftirlit með og varnir gegn áhættu í starfi vegna efna, sem valda krabbameini (síðari umræða).
- VI. Félagssamtök verkafólks í sveitum og þáttur þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun (fyrri umræða).
- VII. Erlent verkafólk (fyrri umræða).
- VIII. Þróun vinnuafli: leiðbeiningar um stöðuval og starfsþjálfun (fyrri umræða).

Skipaðar voru nefndir til þess að fjalla um hvert einstakt dagskrármálanna II.—VIII og auk þess var skipuð nefnd til þess að fjalla um skipulagsmál ILO og önnur til þess að fjalla um tillögur til ályktana um mál utan dagskrár. Íslensku fulltrúarnir skiptu eftir föngum með sér störfum í nefndum og á þingfundum.

Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir hinum einstöku þingmálum.

I. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Fyrsta málið á dagskrá árlegs vinnumálaþings er skýrsla framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar næstliðið ár, en auk þess fjallar framkvæmdastjórinn þar um eitt-hvert tiltekið mál, sem hann telur tímabært og æskilegt að kryfja til mergjar.

Að þessu sinni nefndist skýrslan „Starfsemi ILO. Vandamál og horfur“. Skýrslan skiptist í fimm kafla. Fyrsti kaflinn fjallar um atvinnu og þjálfun, alþjóðlega

stefnu í atvinnumálum og þróun vinnuafnsins. Í öðrum kafla ræðir um lektur og félagslegt öryggi. Þriðji kaflinn er um vinnuskilyrði, vinnutíma, barnavinnu og bætt umhverfi á vinnustöðum. Fjórði kaflinn fjallar um samskipti verkalýðssamtaka, vinnuveitendasamtaka og stjórnvalda. Fimmti kaflinn fjallar um félagafrelsi, frelsi til að velja sér starf og útrýmingu mismununar.

Alls tóku 220 manns til máls í hinum almennu umræðum undir þessum dagskrárlið þ.á.m. 90 ráðherrar og aðstoðarráðherrar.

Í byrjun svarræðu sinnar nefndi framkvæmdastjórinn það sérstaklega að ræðumenn hefðu yfirleitt haldið sig við efni skýrslunnar, en á því vill oft verða misbrestur. Hann vakti athygli á því, eins og margir ræðumanna höfðu gert, hve allar breytingar í heiminum væru örur og því bæri nauðsyn til þess að ILO fylgdist vel með þessum breytingum og breytti sínum starfsháttum í samræmi við þær. Í þessu sambandi minntist framkvæmdastjórinn á störf þeirrar nefndar, sem vinnur að tillögum um skipulag Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Í sambandi við breytingar í heiminum ræddi framkvæmdastjórinn sérstaklega um efnahagsvandamál, sem mörg ríki eiga við að stríða og afleiðingar þeirra. Einnig ræddi hann um veigamiklar breytingar í þjóðfélagi nútímans. Hann taldi að vandinn í efnahagsmálum tefði allar framfarir og það hitnaði harðast á fátækustu þjóðunum og fátækasta verkafólkinu.

Framkvæmdastjórinn lagði áherslu á nauðsyn þess að styrkja stjórn atvinnu- mála og að efla samtök verkafólks og atvinnurekenda.

Þá ræddi framkvæmdastjórinn um umhverfismál og aðbúnað á vinnustöðum. Hann taldi að hin vaxandi óró á vinnustöðum ætli rót sína að rekja til þess að í flestum ríkjum hafi umbætur á lífskjörum og starfskjörum almennings ekki verið nægilega örur á tímum stórfelldra tæknilegra framfara. Ræddi framkvæmdastjórinn nokkuð um hugmyndir sínar um rannsóknir á þessum málum og hugsanlegar umbætur, sem fælu í sér betri kjör og betri aðbúnað á vinnustöðum. Hann sagði að allar líkur bentu til þess að ILO mundi á næstunni leggja aukna áherslu á umhverfismál vinnandi fólks.

Í tilefni hins væntanlega kvennaárs ræddi framkvæmdastjórinn um þátt kvenna í atvinnulífinu og þann mikla mun, sem væri á lagalegri og raunverulegri jafnstöðu kynjanna. Einnig ræddi hann um máefni æskufólks, sem væri meiri hluti mannkynsins og því bæri að sinna málefnum þess öðrum fremur.

Framkvæmdastjórinn lauk ræðu sinni með því að segja, að það sem mesta þýðingu hefði væri sá samhugur og samstarfsvilji, sem nauðsynlegur er til þess að hrundið verði af stað raunhæfum aðgerðum til að bæta kjör vinnandi fólks og þess skyldi minnast, að fyrir það fólk var Alþjóðavinnuálastofnunin sett á fót.

II. Fjárhagsmál.

Fjárhagsnefnd þingsins er skipuð einum ríkisstjórnarfulltrúa frá hverju ríki.

Á þessu þingi var gengið frá fjárhagsáætlun fyrir árin 1976 og 1977. Eru framlög aðildarríkjanna áætluð 81 041 000 dollarar árið 1976 og 62 941 000 dollarar 1977. Framlag Íslands nemur 0.03% eða 24 312 dollurum 1976, en 0.02% eða 12 588 dollurum 1977.

III. Framkvæmdir samþykktar og tillagna.

Hlutverk þeirrar nefndar, sem um þetta dagskrármál fjallar, er að kanna eftirtalin atriði:

1. Skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd samþykktar, sem þau hafa fullgilt.
2. Upplýsingar um það hvort aðildarríkin hafi lagt fyrir löggjafarvaldið samþykktir og tillögur Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

3. Skýrslur aðildarríkjanna um málefni, sem um er fjallað í samþykktum, sem þau hafa ekki fullgilt.

Verkefni þessi eru búin í hendur þingnefndarinnar af sérstakri nefnd sérfræðinga, sem skipuð er 18 mönnum af ýmsu þjóðerni tilnefndum af stjórn Alþjóðavinnuumálaskrifstofunnar.

Jafnan eru nokkur brögð að því að aðildarríki fullnægi ekki skyldum sínum gagnvart ILO. Sú vanræksla er fólgin í því að ekki eru gefnar tilskildar skýrslur, samþykktir ILO ekki lagðar fyrir löggjafarvaldið eða ákvæðum fullgiltrá samþykktá ekki framfylgt. Þegar slík vanræksla hefur átt sér stað er hlutaðeigandi ríki gefinn kostur á að gera grein fyrir sínu máli. Sé það ekki gert á fullnægjandi hátt er ríkið sett á sérstakan lista, svonefndan „svartalista“.

Það sem mestar deilur vakti undir þessum dagskrárlið að þessu sinni var það hvernig ákvæðum Samþykktar nr. 29 um nauðungarvinnu væri framfylgt í Sovétríkjunum. Sérfræðinganefndin hafði vakið athygli á þrem atriðum í löggjöf og stjórnarháttum Sovétríkjanna, sem hún taldi ekki samrýmast ákvæðum samþykktarinnar, sem Sovétríkin hafa fullgilt.

Fyrsta atriðið varðar þvingun ákveðinna manna til vinnu. Bendir nefndin á, að samkvæmt lögum frá 4. maí 1961 megi þvinga til vinnu þá menn, sem hafa komið sér hjá félagslega nytsömum störfum og lífa sem snikjudýr á þjóðfélaginu. Ef slíkur maður neitar vinnu má setja hann í fangelsi eða vinnubúðir. Þetta telur sérfræðinganefndin brot á ákvæðum samþykktarinnar.

Annað atriðið varðar framleiðsluskyldu í landbúnaði. Sérfræðinganefndin lítur svo á að lög frá 20. mars 1964 hafi í för með sér þvingunarvinnu á samyrkjubúum, þar sem þau verða að uppfylla ákveðinn framleiðslukvóta. Þetta telur nefndin ekki geta samrýmt ákvæðum samþykktarinnar.

Í þriðja lagi er um að ræða uppsögn aðildar að samyrkjubúi. Sérfræðinganefndin hefur vakið athygli á því, að í Sovétríkjunum tíðkist það, að menn séu ekki frjálssir að því að segja upp aðild sinni að samyrkjubúum og leita sér annarrar vinnu, til þess þurfi sérstakt leyfi. Þetta telur nefndin brjóta í bág við samþykktina.

Eins og áður segir urðu mikil átök út af þessu máli og kom fram tillaga um að Sovétríkin yrðu sett á hinn sérstaka lista yfir ríki sem ekki uppfylltu ákvæði samþykktá, sem þau hefðu fullgilt. Tillaga þessi var samþykkt við atkvæðagreiðslu í þingnefndinni.

Mörgum þótti of langt gengið með þessari samþykkt nefndarinnar þar sem venja hefði verið að setja ekki ríki á unnræddan lista eftir aðeins eina umræðu í þingnefndinni. Heldur hefði það verið venja að beina fyrst tilmælum til hlutaðeigandi ríkis um að það bætti úr því sem ábótavant þótti, en ekki yrði gripið til þessa ráðs fyrr en ljóst væri að ríkið sinnti ekki slíkum tilmælum. Þegar svo skýrsla þingnefndarinnar kom til kasta allsherjarþingsins var hún ekki samþykkt, þar sem svo margir sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Þess má geta að stjórnarfulltrúar Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar greiddu atkvæði með skýrslunni í heild, en fulltrúar Finnlands sátu hjá.

IV. Námsleyfi með launum.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1973 eins og um getur í skýrslu um það þing.

Á grundvelli þeirra draga að samþykkt og tillögu um þetta mál, sem gerð voru á þinginu 1973 og síðari athugasemda frá ríkisstjórnnum voru samín ný drög, sem lögð voru fyrir þingið 1974.

Það var samróma álit fulltrúa hinna þriggja flokka þingfulltrúa að það væri öllum í hað, jafnt verkunönnum, atvinnurekendum og þjóðfélaginu, að stuðlað væri

að menntun og þjálfun almennt og að rétt væri að setja alþjóðlegar reglur um námsleyfi með launum fyrir vinnandi fólk. En menn greindi mjög á um það í hvaða formi þessar reglur skyldu settar. Fulltrúar atvinnurekenda og nokkrir stjórnarfulltrúar vildu láta nægja að afgreiða málið í formi tillögu til ríkisstjórna, en fulltrúar verkamanna og meiri hluti stjórnafulltrúa vildi gera alþjóðasamþykkt ásamt tillögu. Var því síðari kosturinn valinn.

Samþykktin var að lokum samþykkt með 295 atkvæðum gegn 43, en 38 sátu hjá. Tillagan var samþykkt með 342 atkvæðum gegn 6, en 25 sátu hjá.

Efni samþykktarinnar er í stórum dráttum sem hér segir:

Ríki, sem fullgildir samþykktina, skuldbindur sig til þess að framfylgja stefnu, sem miðar að því að launþegar fái námsleyfi með launum, en með því er átt við það, að menn eigi þess kost að leila sér menntunar og þjálfunar um tiltekið skeið í vinnutíma sínum og fái hæfilega fjárgreiðslu fyrir þann tíma. Tekur þetta til þjálfunar á öllum stigum almennrar menntunar og fræðslu um málefni stéttarfélaganna. Framkvæmdir á þessu sviði skulu miðast við aðstæður í hverju landi og geta þær byggst á lögum, reglugerðum, heildarsamningum eða öðrum ákvæðum eftir því sem við á.

Sérstakar reglur er heimilt að setja um einstaka hópa verkamanna eða atvinnufyrirtækja, sem sérstöðu hafa.

Eins og áður segir var einnig samþykkt tillaga um þetta mál. Felur hún í sér ýtarlegri ákvæði og reglur en sjálf samþykktin.

Á síðari árum hafa menn öðlast aukinn skilning á nauðsyn þess að fólk geti átt kost á endurmenntun eða fullorðinsfræðslu á ýmsum skeiðum ævinnar. Hinar mjög svo hraðfara breytingar nú á tímum gera þörf slíkrar menntunar og þjálfunar sífellt brýnni. Þessari umræddu samþykkt og tillögu er ætlað að stuðla að æskilegri þróun í þessum efnum.

Hér á landi eru mál þessi ekki komin í það horf ennþá að unnt sé að fullgilda umrædda samþykkt að sinni.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal II og tillagan sem fylgiskjal IV.

V. Eftirlit með og varnir gegn áhættu í starfi vegna efna, sem valda krabbameini.

Árið 1972 fól Alþjóðavinnuáskrifstofan sérstakri sérfræðinganefnd að fjalla um þetta mál og gefa skýrslu um það. Síðan var málið tekið til fyrri umræðu á þinginu 1973.

Á þinginu 1974 fór svo fram síðari umræða um þetta mál og var það afgreitt með alþjóðasamþykkt og tillögu, sem samþykktar voru einróma á þinginu.

Samþykktin skiptist í 14. greinar. Í fyrstu sex greinunum eru raktar þær frumskyldur til varnar gegn krabbameini, sem ríki taka á sig með því að fullgilda samþykktina, en aðrar greinar samþykktarinnar hafa að geyma ákvæði um gildistöku, uppsögn o. fl.

Í tillögunni er svo að finna nánari útfærslu á hinum almennu varúðarreglum.

Ekki munu tók á því að fullgilda samþykktina hér á landi að svo stöddu, en á döfinni mun vera heildarendurskoðun á lögum um vinnuvernd. Virðist rétt að athuga þessa samþykkt í sambandi við þá endurskoðun.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal I og tillagan sem fylgiskjal IV.

VI. Félagssamtök verkafólks í sveitum og þáttur þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun.

Á þessu þingi fór fram fyrri umræða um þetta mál. Það var svo tekið til endanlegrar afgreiðslu á þinginu 1975 og verður gerð grein fyrir því í skýrslu um það þing.

VII. Erlent verkafólk.

Alþjóðavinnuálastofnunin hefur löngum látið sig skipta málefni erlends verka-fólks og gert samþykktir um réttarstöðu þess. Má þar til nefnd einkum Samþykkt nr. 97 frá 1949 um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit og Samþykkt nr. 118 frá 1962 um jafnrétti innlendra og erlendra verkamanna til almannatrygginga. Ástæðan til þess að mál þetta var tekið upp nú var sú að ýmissa veigamikilla atriða er ekki eða að litlu getið í eldri samþykktum og þótti nauðsynlegt að bæta úr því.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1974. Alþjóðavinnuálastofnan skrifstofan hafði tekið saman skýrslu um málið og beint 59 spurningum til aðildarríkjanna um hugsanlegar alþjóðareglur. Að fengnum svörum við þessum spurningum voru svo samin drög að alþjóðareglum, sem lögð voru fyrir þingið 1974 til fyrri umræðu. Var gengið frá drögum að ákvæðum, sem sett skyldu í væntanlegri samþykkt og tillögu. Mál þetta var svo tekið til síðari umræðu á þinginu 1975 og þá afgreitt með samþykkt og tillögu. Verður því gerð nánari skil í skýrslu um það þing.

VIII. Þróun vinnuafls. Leiðbeiningar um stöðuval og starfsþjálfun.

Starfsþjálfun og leiðbeiningar um stöðuval hafa oft áður verið rædd innan Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, og gerðar hafa verið margar tillögur um þau mál. Hafa þær tillögur haft mikla þýðingu fyrir þróun þessara mála víðs vegar um heim. Hraðfara breytingar á vinnumarkaðnum hafa leitt af sér breyttar og nýjar þarfir á þessu sviði. Það var því talin full þörf á því að endurskoða fyrri tillögur um þetta efni.

Fyrir þinginu 1974 lágu drög að tillögu um þróun vinnuafls, starfsþjálfun og stöðuval. Þessi drög voru rædd og gerðar á þeim nokkrar breytingar. Var síðan samþykkt að á næsta þingi skyldi gera samþykkt og tillögu um þessi mál.

IX. Skipulagsmál ILO.

Breytingar á ýmsum þáttum í skipulagi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar hafa verið til umræðu á þingum stofnunarinnar frá 1963.

Á þinginu 1974 voru þessi mál rædd, en ekki gerðar neinar ákveðnar samþykktir, enda komst þingnefndin sem um það fjallaði, í tímahrak. Samþykkt var að skipa 24 manna nefnd sem í ættu sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og verkamanna. Skyldi annar helmingur nefndarmanna tilnefndur af þinginu en hinn helmingurinn tilnefndur af stjórn ILO. Átti nefnd þessi að vinna áfram að þessum skipulagsmálum og skila tillögum sínum fyrir næsta þing.

X. Ályktanir utan dagskrár.

Auk þeirra dagskrármála þingsins, sem ákveðin eru fyrirfram, er heimilt að leggja fram tillögur til þingsályktunar, enda berist þær tilteknum tíma fyrir þingsetningu. Sérstök nefnd fjallar um slíkar tillögur. Að þessu sinni komu fram 27 tillögur, en þeim fækkaði í 17, þar sem ýmsar þeirra voru sama eða svipaðs efnis og voru því sameinaðar.

Með atkvæðagreiðslu voru svo fimm af þessum tillögum valdar til umræðu og voru þær samþykktar með nokkrum breytingum og afgreiddar sem þingsályktanir, en þær eru þessar:

1. Ályktun um misrétti og brot á réttindum og frelsi stéttarféлага, sem ísraelsk stjórnvöld fremja í Palestínu og öðrum hersctnum arabískum landsvæðum.
2. Ályktun um mannréttindi og réttindi stéttarféлага í Chile.

3. Ályktun um greiðslu kostnaðar vegna fulltrúa á Alþjóðavinnumálaþingum.
4. Ályktun um að boða til alþjóðþings um atvinnumál, tekjuskiptingu, félagslegar framfarir og alþjóðlega miðlun vinnuafis.
5. Ályktun um umhverfismál vinnandi fólks.

Fyrstu tvær ályktanirnar voru mjög umdeildar, enda fela þær í sér alvarlegar ásakanir á hlutaðeigandi ríkisstjórnir.

Íslenska sendinefndin sat hjá í alkvæðagreiðslu um tillöguna varðandi Ísrael, en greiddi atkvæði með tillögunni um gagnrýni á stjórn Chile. Höfðu fulltrúar Norðurlanda náð samráð um afstöðu til þessara mála. Rétt er að geta þess að Chilestjórn hefur fallist á að taka á móti sendinefnd, sem á að kynna sér ástand mála þar í landi.

Eins og málum er nú háttað verður hvert aðildarríki að greiða allan ferða- og dvalarkostnað fulltrúa sinna á Alþjóðavinnumálaþinginu, sem jafnan er haldið í Genf. Aðstaða ríkja til þess að sækja þingið er því ærið misjöfn. Ályktunin um greiðslu kostnaðar vegna þingfulltrúa miðar að því að jafna þessa aðstöðu og fclur hún í sér tilmæli til Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um að kanna á hvern hátt þessum jöfnuði verði best fyrir komið og gera tillögur um það efni. Ef þetta mál nær fram að ganga mundi það sjálfsagt verða til hagsbóta fyrir Ísland.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 139 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna, sem valda krabbameini.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 59. þingsætu sinnar í Genf hinn 5. júní 1974 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumála-skrifstofunnar,

minnist ákvæða Samþykktar og tillögu um varnir gegn geislun frá 1960 og Bensensamþykktarinnar og tillögu frá 1971,

telur æskilegt að setja alþjóðlegar reglur um varnir gegn efnum, sem valda krabbameini,

gefur gaum að því starfi, sem aðrar alþjóðastofnanir hafa innt af hendi á þessu sviði, einkum Alþjóðaheilbrigðisstofnunin og Alþjóðlega krabbameinsrannsóknastofnunin, sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur samvinnu við, og

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi eftirlit með og varnir gegn áhættu í starfi vegna efna, sem valdið geta krabbameini, en það er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir það í dag, hinn 24. júní 1974 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um krabbamein sem atvinnusjúkdóm, 1974:

1. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal á tilteknum fresti ákvarða hvaða efni, sem valda krabbameini, skuli hönnuð í atvinnulífinu, eða skuli háð sérstökum leyfum eða eftirliti svo og til hverra þeirra önnur ákvæði þessarar samþykktar skuli taka.
2. Undanþágur frá banni má einungis veita með útgáfu leyfis, sem í hverju tilviki greini þau skilyrði, sem uppfylla þarf.
3. Þegar teknar eru ákvarðanir samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skal tekið tillit til nýjustu upplýsinga, sem birtast í starfsreglum eða leiðbeiningum, sem Alþjóðavinnumálaskrifstofan kann að hafa sett, svo og upplýsinga frá öðrum hlutgengum stofnunum.

2. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gera allt, sem unnt er, til þess, að í stað efna, sem valda krabbameini og verkað geta á verkamenn við vinnu þeirra, sé tekin upp notkun efna, sem ekki hafa slíka hættu í för með sér eða eru síður skaðleg. Þegar valin eru slík efni í stað annarra skal meta eiginleika þeirra til að valda krabbameini, eitrun og fleira.

3. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal kveða á um aðgerðir, sem gerðar skuli til verndar verkamönnum gegn hættu frá efnum, sem valda krabbameini og sjá til þess að viðeigandi skrásetningarkerfi sé komið á fót.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gera ráðstafanir til þess að verkamenn, sem hafa verið, eru eða komast sennilega í snertingu við efni, sem valda krabbameini, fái allar upplýsingar, sem völ er á, um hættuna, sem af þeim stafar, og þær ráðstafanir, sem gera þarf.

5. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gera ráðstafanir til þess að öruggt sé að verkamenn fái læknisskoðanir eða rannsóknir líffræðilegs eða annars eðlis meðan þeir eru í starfi og síðar eftir því sem þörf er á, til þess að meta hættuna, sem þeir eru í og til þess að hafa eftirlit með heilsu þeirra í sambandi við áhættuna í starfi þeirra.

6. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt,

- a. skal með lögum eða reglugerðum eða með öðrum þeim hætti, sem samrýmist venjum í landinu, og í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að framfylgja ákvæðum þessarar samþykktar;
- b. skal, í samræmi við venju í landinu, tilnefna þá menn, eða þær stofnanir, sem skylt er að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar;
- c. skuldbindur sig til þess að annast viðeigandi eftirlit með framkvæmd þessarar samþykktar eða tryggja það, að fullnægjandi eftirliti sé beitt.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
 - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. greinar hér að framan liður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
 - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru liður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 140 um námsleyfi með launum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, er kom saman til 59. þingsetu sinnar í Genf hinn 5. júní 1974 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar,

minnist þess að 26. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar kveður svo á að allir eigi rétt á menntun,

minnist einnig ákvæða í alþjóðlegum tillögum um starfsþjálfun og vernd trún-
aðarmanna verkamanna varðandi tímabundna lausn verkamanna frá starfi eða að
veita þeim fri til þess að taka þátt í námi eða þjálfun,

telur að þörfin fyrir stöðuga menntun og þjálfun í samræmi við vísindalegar
og tæknilegar framfarir og breytingar á sviði efnahagsmála og félagsmála krefjist
viðeigandi ráðstafana um leyfi til náms og þjálfunar til þess að uppfylla óskir,
þarfir og markmið félagslegs, efnahagslegs og tæknifræðilegs eðlis,

telur, að líta beri á námsleyfi með launum sem einn þátt í því að mæta raun-
verulegum þörfum einstakra verkamanna í nútíma þjóðfélagi,

telur að námsleyfi með launum ætli að vera hugsað sem áfangi að samfelldri
menntun og þjálfun, sem byggð verði upp í áföngum á raunhæfan hátt,

hefir samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi námsleyfi með launum, sem er
fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefir ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóða-
samþykktar, gerir það í dag, 24. júní 1974 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Sam-
þykkt um námsleyfi með launum 1974:

1. gr.

Í samþykkt þessari merkir hugtakið „námsleyfi með launum“ leyfi frá störfum,
sem veitt er verkamanni til þess að afla sér menntunar um tiltekið skecið í vinnu-
tíma, með rétti til hæfilegra fjárgreiðslna.

2. gr.

Sérhvert aðildarríki skal marka og framfylgja með þeim hætti, sem hæfir að-
stæðum og venju í hverju landi og í áföngum ef nauðsyn krefur, stefnu, sem miðar
að því að veita námsleyfi með launum til:

- a. þjálfunar á öllum stigum,
- b. almenningar félagslegrar og borgaralegrar menntunar,
- c. fræðslu um málefni stéttarfélaga.

3. gr.

Þessi stefna skal á mismunandi hátt, eftir því sem nauðsyn krefur, miða að

- a. öflun, aukningu og breytingum á starfshæfni og auknu atvinnuöryggi við að-
stæður vísindalegra og tæknilegra framfara og breytinga á sviði efnahagsmála
og uppbyggingar;
- b. því að launþegar og fulltrúar þeirra geti á viðeigandi og raunhæfan hátt tekið
þátt í atvinnulífinu og samfélaginu;
- c. framförum verkamanna á mannlegu, félagslegu og menningarlegu sviði,
- d. almennri aukningu viðeigandi framhaldsmenntunar og þjálfunar, sem geri
verkamönnum auðveldara að laga sig að þörfum á hverjum tíma.

4. gr.

Stefnan skal miðuð við þróunarstig og sérstakar þarfir landsins og hinna ýmsu
greina atvinnulífsins og skal samrýmd almennri stefnu varðandi atvinnu, menntun
og þjálfun, svo og stefnu varðandi vinnutíma, með hæfilegu tilliti til árstíðabreyt-
inga á vinnutíma eða hversu mikla atvinnu um er að ræða.

5. gr.

Til þess að koma á námsleyfum með launum má m.a. beila lögum, reglu-
gerðum, heildarsamningum, gerðardómum og öðrum þeim aðferðum, sem við eiga
í hverju landi.

6. gr.

Opinber stjórnvöld, félagssamtök atvinnurekenda og launþega svo og stofnanir og aðilar, sem veita menntun eða þjálfun, skulu höfð með í ráðum um mótun og framkvæmd stefnunnar um veitingu námsleyfa með launum á þann hátt, sem við á í hverju landi.

7. gr.

Fjármögnun ráðstafana í sambandi við námsleyfi með launum skal byggð á traustum og viðeigandi grunni og í samræmi við venju í landinu.

8. gr.

Ekki má synja verkauðnum um námsleyfi með launum vegna kynþáttar, hörundslitar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana né þjóðernislegs eða félagslegs uppruna.

9. gr.

Eftir því sem nauðsyn krefur skal setja sérstakar reglur um námsleyfi með launum,

- a. þar sem einstakir hópar verkamanna eiga erfilt með að aðlagast hinni almennu skipan, svo sem verkamenn í smáum fyrirtækjum, sveitamenn eða aðrir verkamenn, sem búa á afskekktum stöðum, vaktavinnumenn eða fjölskyldumenn;
- b. þar sem einstakir flokkar fyrirtækja eiga erfilt með að aðlagast hinni almennu skipan, svo sem smá fyrirtæki og fyrirtæki, sem háð eru ársliðum, enda séu verkamenn í þessum fyrirtækjum ekki sviptir möguleika til þess að njóta námsleyfis með launum.

10. gr.

Skilyrði fyrir því að eiga kost á námsleyfi með launum geta verið mismunandi eftir því hvort leyfið er ætlað til:

- a. þjálfunar á öllum stigum,
- b. almennrar félagslegrar eða þjóðfélagslegrar menntunar, eða
- c. fræðslu um málefni stéttarféлага.

11. gr.

Námsleyfi með launum jafngildir raunverulegum starfstíma að því er varðar rétt til félagslegra greiðslna og annarra réttinda, sem byggjast á starfi, eftir því sem fyrir er mælt í lögum eða reglugerðum, heildarsamningum, úrskurðum gerðardóma, eða á annan hátt eftir því sem við á í hverju landi.

12.—19. gr.

Samhljóða 7.—14. gr. í samþykkt nr. 139 hér að framan.

Fylgiskjal III.

Tillaga nr. 147 um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna, sem valda krabbameini.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til 59. þingsetu sinnar í Genf hinn 5. júní 1974, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar,

minnist ákvæða Samþykktar og tillögu um varnir gegn geislun frá 1960 og Bensensamþykktarinnar og tillögu frá 1971,

telur æskilegt að setja alþjóðlegar reglur um varnir gegn efnum, sem valda krabbameini,

gefur gaum að því starfi, sem aðrar alþjóðastofnanir hafa innt af hendi á þessu sviði, einkum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Alþjóðlega krabbameinsrannsóknastofnunin, sem Alþjóðavinnu- og atvinnuáhrifastofnunin hefur samvinnu við,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi eftirlit með og varnir gegn áhættu í starfi frá efnum, sem valdið geta krabbameini, en það er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi gerir það í dag hinn 24. júní 1974 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um krabbamein sem atvinnusjúkdóm, 1974:

I. Almenn ákvæði.

1. Gera ætti allt, sem unnt er, til þess að í stað efna, sem valda krabbameini og verkað geta á verkamenn við vinnu þeirra, verði tekin upp notkun efna, sem ekki hafa slíka áhættu í för með sér eða eru síður skaðleg. Þegar slík efni eru valin í stað annarra, ætti að taka tillit til eiginleika þeirra til að valda krabbameini, eitrun o. fl.
2. Eftir því sem öryggisástæður frekast leyfa, ætti að fækka þeim verkamönnum, sem eru í hættu frá efnum, sem valda krabbameini, og draga úr hættunni bæði að því er snertir tímalengd hennar og stig.
3. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að setja varúðarreglur til verndar verkamönnum gegn hættu, sem þeim getur stafað frá efnum, sem valda krabbameini.
 - (2) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að sjá um að hinar settu varúðarreglur séu jafnan í samræmi við kröfur tímans og taka mið af þeim reglum eða fyrirmyndum, sem Alþjóðavinnuáskrifstofan setur og ályktunum frá fundum sérfræðinga, sem Alþjóðavinnuáhrifastofnunin hefur boðað til, svo og upplýsingum frá öðrum hlutgengum stofnunum.
4. (1) Atvinnurekendur ættu að gera það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að taka upp vinnsluáðferðir, sem ekki valda myndun efna, sem valda krabbameini, í formi aðalframleiðslu, aukaframleiðslu, úrgangs eða á annan hátt, né dreifingu þeirra á vinnustað.
 - (2) Þegar ekki er unnt að útiloka algjörlega efni, sem valda krabbameini, ættu atvinnurekendur að neyta allra viðeigandi ráða til þess að útiloka hættuna frá þeim eða draga úr henni svo sem unnt er, þannig að hún nái til sem fæstra manna, standi yfir í sem skemmstan tíma og sé á sem lægstu stigi. Þetta ætti að gera í samráði við verkamenn og félagasamtök þeirra og í ljósi leiðbeininga frá þar til bærum aðilum þar á meðal heilsugæslu á vinnustöðum.
 - (3) Í þeim tilvikum, sem hlutaðeigandi stjórnvald ákveður, ætti atvinnurekandinn að gera nauðsynlegar ráðstafanir til kerfisbundins eftirlits með því hve langvinn og mikil hættan frá efnum, sem valda krabbameini, er á vinnustöðum.
 - (4) Þegar efni, sem valda krabbameini, eru flutt eða sett í gcynslu, ætti að gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir leka eða mengun.
5. Verkamenn og aðrir, sem taka þátt í starfsemi, er fylgt getur hætta frá efnum, sem valda krabbameini, ættu að fylgja settum varúðarreglum og nota vel allan búnað, sem látinn er í té til verndar þeim sjálfum eða öðrum.

II. Varnaraðgerðir.

6. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti á vissum fresti að ákvarða hvaða efni, sem valda krabbameini, skuli bönnuð í atvinnulífinu eða skuli vera háð sérstökum leyfum eða eftirliti svo og til hverra þeirra tillaga þessi tekur.

7. Við slíkar ákvarðanir ætti hlutaðeigandi stjórnvald að taka tillit til nýjustu upplýsinga í reglum og leiðbeiningum frá Alþjóðavinnuumálaskrifstofunni, ályktana frá fundum sérfræðinga, sem Alþjóðavinnuumálaskrifstofan hefur boðað til, og upplýsinga frá öðrum hlutgengum stofnunum.
8. Hlutaðeigandi stjórnvald getur veitt undanþágur frá banni með útgáfu leyfis, sem í hverju tilviki greini.
 - a. hvaða tæknilegar, heilsufræðilegar og persónulegar varúðarráðstafanir skuli gera;
 - b. hvaða lækniseftirlit, aðrar kannanir eða rannsóknir skuli framkvæma;
 - c. hvaða skýrslur skuli gera, og
 - d. hverrar starfshæfni skuli krafist af þeim, sem eftirlit hafa með hættu frá umræddum efnum.
9. (1) Að því er tekur til efna, sem háð eru leyfum eða eftirliti ætti hlutaðeigandi stjórnvald:
 - a. að tryggja nauðsynlegar leiðbeiningar um tilvist efna eða aðferða, sem komið geta í stað annarra, og þær heilsufræðilegu og persónulegu varnarráðstafanir, sem gera skal svo og það lækniseftirlit og rannsóknir, sem fram skal fara vegna starfs, sem hefur í för með sér hættu frá umræddum efnum, áður en starfið er hafið, meðan það varir eða eftir að því líkur.
 - b. að krefjast þeirra ráðstafana, sem við eiga.
- (2) Ennfremur ætti hlutaðeigandi stjórnvald að selja ákveðin mörk til ákvörðunar á hættu frá efnum, sem um er að lefla og þar sem þess gerist þörf ætti að setja mörk sem gefi aðvörun um athuganir á vinnustað í sambandi við nauðsynlegar varnarráðstafanir.
10. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að sjá til þess, að ákvarðanir varðandi efni, er valdið geta krabbameini, sem teknar eru í samræmi við þennan kafla þessarar tillögu, svari jafnan kröfum tímans.

III. Heilbrigðiseftirlit með verkamönnum.

11. Með lögum, reglugerðum eða öðrum hætti, sem við á í hverju landi, ætti að gera ráðstafanir til þess að allir verkamenn, sem vinna störf, sem hafa í för með sér hættu á sýkingu af krabbameini frá tilteknum efnum, skuli eftir því sem við á gangast undir:
 - a. læknisskoðun áður en þeir hefja vinnu;
 - b. reglulegar læknisskoðanir á hæfilegum fresti;
 - c. líffræðilegar og aðrar prófanir og rannsóknir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að meta mótstöðuafli þeirra og hafa eftirlit með heilbrigðisástandi þeirra með tilliti til hættunnar, sem þeim stafar af vinnunni.
12. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að tryggja það að verkamenn eigi kost á viðeigandi læknisskoðunum, líffræðilegum rannsóknum eða öðrum rannsóknum eftir að þeir hafa látið af þeim störfum, sem um ræðir í 11. grein þessarar tillögu.
13. Þær skoðanir, prófanir og rannsóknir, sem um ræðir í 11. og 12. grein þessarar tillögu ættu að fara fram í vinnutíma eftir því sem kostur er og vera verkamönnum að kostnaðarlausu.
14. Nú leiða einhverjar aðgerðir, sem framkvæmdar eru í samræmi við þessa tillögu, það í ljós, að óráðlegt sé að verkamaður sé áfram í snertingu við efni, sem valdið geta krabbameini, við venjulegt starf hans og skal þá gera þær ráðstafanir, sem með sanngirni má krefjast til þess að láta verkamanninn fá annað starf við hans hæfi.
15. (1) Þar sem því verður við komið og svo fljótt sem auðið er, ætti hlutaðeigandi stjórnvald í samráði við einstaka atvinnurekendur og fulltrúa verka-

manna að koma á fót og halda uppi vörnum gegn og eftirliti með krabbameini, í sambandi við vinnu, þ. á m. með því að:

- a. gera skýrslur, viðhalda þeim, varðveita þær og láta þær í té;
- b. skiptast á upplýsingum við aðra.

- (2) Í sambandi við að koma upp slíku skýrslukerfi og upplýsingaskiptum, ætti að taka tillit til þeirrar aðstoðar, sem fá má frá alþjóðlegum samtökum og samtökum í einstökum ríkjum svo og samtökum atvinnurekenda og verkamanna og einstökum alvinnurekendum.
- (3) Nú leggst starfsemi fyrirlækis niður og ætti þá að fara með þær skýrslur og upplýsingar, sem safnað hefur verið samkvæmt þessari grein, á þann veg sem hlutaðeigandi stjórnvald ákveður.
- (4) Í hverju því landi þar sem hlutaðeigandi stjórnvald kemur ekki á fót slíku kerfi skýrslna og upplýsinga, ætti atvinnurekandinn í samráði við fulltrúa verkamannanna að gera það sem unnt er til þess að framfylgja reglum þessarar greinar.

IV. Upplýsingar og fræðsla.

16. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að efla rannsóknir á farsóttum og aðrar rannsóknir svo og að safna og dreifa upplýsingum varðandi krabbameinshættu í störfum. Þetta ætti að gera með aðstoð frá alþjóðlegum samtökum og samtökum í einstökum ríkjum þ. á m. samtökum atvinnurekenda og verkamanna eftir því sem við gelur átt.
- (2) Það ætti að leitast við að setja ákveðin mörk til þess að ákvarða hve mikil hættan á krabbameini frá þessum efnum er.
17. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að semja fræðandi handbækur fyrir atvinnurekendur og verkamenn um efni þau, sem líkleg eru til þess að valda krabbameini við vinnu.
18. Atvinnurekendur ættu að leita sérstaklega upplýsinga hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi um þá krabbameinshættu, sem kann að fylgja einhverjum þeim efnum, sem tekin hafa verið í notkun eða fyrirhugað er að taka í notkun í atvinnurekstri. Þegar grunur leikur á að um hættu á krabbameini geli verið að ræða, ættu atvinnurekendur í samráði við hlutaðeigandi stjórnvald að ákveða hvaða frekari rannsóknir skuli fram fara.
19. Atvinnurekendur ættu að sjá til þess að jafnan þegar notuð eru efni, sem valdið geta krabbameini, séu á vinnustaðnum viðeigandi aðvaranir um þá hættu sem sérhverjum verkamanni kann að vera húin.
20. Atvinnurekendur ber að gera verkamönnum sínum grein fyrir hættu, sem þeim kann að stafa af efnum, sem valdið geta krabbameini, og þeim varúðarráðstöfunum, sem ber að beita. Þetta ætti að gera áður en starfið hefst og síðan reglulega, svo og þegar upp er tekin notkun nýrra efna, sem geta valdið krabbameini.
21. Samtök atvinnurekenda og verkamanna ættu að gera jákvæðar ráðstafanir til upplýsinga og fræðslu um hættuna á krabbameini við vinnu og þau ættu að hvetja félagi sína til að taka fullan þátt í aðgerðum til varnar og eftirlits.

V. Framkvæmdahættir.

22. Sérhvert aðildarríki ætti:

- a. með lögum eða reglugerðum eða öðrum þeim hætti, sem við á í hverju landi, að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, m. a. með setningu hæfilegra viðurlaga, til þess að koma ákvæðum þessarar tillögu í framkvæmd;

- b. í samræmi við venju í landinu að tilgreina þær stofnanir eða þá menn, sem ábyrgð bera á því að ákvæðum tillögu þessarar sé framfylgt;
- c. að stofna til viðeigandi eftirlits til þess að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæða þessarar tillögu eða fullvissa sig um að viðeigandi eftirlit sé framkvæmt.

23. Við beitingu ákvæða þessarar tillögu ætti hlutaðeigandi stjórnvald að hafa samráð við aðalsamtök alvinnurekenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli.

Fylgiskjal IV.

Tillaga nr. 148 um námsleyfi með launum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, er kom saman til 59. þingsetu sinnar í Genf hinn 5. júní 1974 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálagstofnunar,

minnst þess að 26. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar kveður svo á að allir eigi rétt á menntun,

minnst einnig ákvæða í alþjóðlegum tillögum um starfsþjálfun og vernd trúnaðarmanna verkamanna varðandi tímabundna lausn verkamanna frá starfi eða veita þeim fri til þess að taka þátt í námi eða þjálfun,

telur að þörfin fyrir stöðuga menntun og þjálfun í samræmi við vísindalegar og tæknilegar framfarir og breytingar á sviði efnahagsmála og félagsmála krefjist viðeigandi ráðstafana um leyfi til náms og þjálfunar til þess að uppfylla óskir, þarfir og markmið félagslegs, efnahagslegs og tæknifræðilegs eðlis,

telur að líta beri á námsleyfi með launum sem einn þátt í því að mæta raunverulegum þörfum verkamanna í nútíma þjóðfélagi,

telur að námsleyfi með launum ætti að vera hugsað sem áfangi að samfelldri menntun og þjálfun, sem byggð verði upp í áföngum á raunhæfan hátt,

hefir samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi námsleyfi með launum, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings og

þar sem þingið hefir ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi gerir það í dag hinn 24. júní 1974 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um námsleyfi með launum, 1974:

I. Skilgreining.

1. Í tillögu þessari merkir hugtakið „námsleyfi með launum“ leyfi frá störfum, sem veitt er verkamanni til þess að afla sér menntunar um tiltekið skeið í vinnutíma, með rétti til hæfilegra fjárgreiðslna.

II. Stefnumótun og framkvæmdahættir.

2. Sérhvert aðildarríki ætti að marka og framfylgja með þeim hætti, sem hæfir aðstæðum og venju í hverju landi og í áföngum, ef nauðsyn krefur, stefnu, sem miðar að því að veita námsleyfi með launum til:
 - a. þjálfunar á öllum stigum,
 - b. almennrar félagslegrar og borgaralegrar menntunar,
 - c. fræðslu um málefni stéttarféлага.
3. Þessi stefna ætti á mismunandi hátt, eftir því sem nauðsyn krefur, að miða að:
 - a. öflun, aukningu og breytingum á starfshæfni og auknu atvinnuöryggi við aðstæður vísindalegra og tæknilegra framfara og breytinga á sviði efnahagsmála og uppbyggingar,

- b. því, að launþegar og fulltrúar þeirra geti á viðeigandi og raunhæfan hátt tekið þátt í atvinnulífínu og samfélaginu,
 - c. framförum verkamanna á mannlegu, félagslegu og menningarlegu sviði,
 - d. almennri aukningu viðeigandi framhaldsmenntunar og þjálfunar, sem geri verkamönnum auðveldara að laga sig að þörfum á hverjum tíma.
4. (1) Stefnan ætti að miðast við þróunarstig og sérstakar þarfir landsins og hinna ýmsu greina atvinnulífsins svo og önnur félagsleg markmið og það sem forgang hefur í þjóðfélaginu.
 - (2) Hana ber að samræma stefnunni í málum varðandi atvinnu, menntun og þjálfun svo og vinnutíma, með fullu tilliti til árstíðabundinna breytinga á vinnutíma og atvinnu, eflir því sem við á.
 5. Til þess að koma á námsleyfum með launum má m. a. beita lögum, reglugerðum, heildarsamningum, gerðardómum og öðrum þeim aðferðum, sem við eiga í hverju landi.
 6. Það skal viðurkennt að námsleyfi með launum kemur ekki í stað hæfilegrar menntunar eða þjálfunar á yngri árum og að það er aðeins einn þáttur af mörgum í framhaldsmenntun og þjálfun.

III. Aðferðir til að stuðla að námsleyfum með launum.

7. Opinber stjórnvöld, samtök atvinnurekenda og verkamanna og aðilar, sem annast menntun og þjálfun, ætlu, á þann veg, sem við á í hverju landi, að vinna saman að mótun og framkvæmd stefnu, sem stuðli að aukningu námsleyfa með launum.
8. Á grundvelli ááttlana í samræmi við stefnuna í þessum málum ætti að gera ráðstafanir til þess:
 - a. að kanna ríkjandi og væntanlega þörf verkamanna fyrir menntun og þjálfun, sem úr mætti bæta með námsleyfum með launum,
 - b. að nýta að fullu möguleika þá til menntunar og þjálfunar, sem fyrir eru, og skapa nýja möguleika til þess að ná því marki menntunar og þjálfunar, sem námsleyfi með launum á að stuðla að;
 - c. að í kennsluháttum og í áætlunum um nám og þjálfun sé tekið tillit til markmiða og skilmála námsleyfa með launum, sem gefa til kynna nýjar þarfir,
 - d. að hvetja verkamenn til þess að nýta sem best þá möguleika til náms og þjálfunar, sem þeir eiga kost á;
 - e. að hvetja atvinnurekendur til þess að veita verkamönnum námsleyfi með launum.
9. Starfrækja ætti fullnægjandi upplýsinga- og leiðbeiningarstarfsemi um möguleika til þess að fá námsleyfi með launum.
10. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir til þess að sú fræðsla og þjálfun, sem veitt er, sé nægilega góð.

IV. Fjármögnun.

11. Fjármögnun aðgerða í sambandi við námsleyfi með launum ætti að byggjast á föstum grunni við hæfi og í samræmi við venju í landinu.
12. Það ætti að vera viðurkennt að vænta megi þess að eftirtaldir aðilar taki þátt í fjármögnun ráðstafana í sambandi við námsleyfi með launum í hlutfalli við þá ábyrgð, sem þeir hafa:
 - a. atvinnurekendur, sameiginlega eða hver fyrir sig;
 - b. opinber stjórnvöld og menntunar- eða þjálfunarstofnanir;
 - c. samtök atvinnurekenda og verkamanna.

V. Skilyrði fyrir veitingu námsleyfa með launum.

13. Ekki ætti að synja verkamönnum um námsleyfi með launum vegna kynþáttar, hörundslitar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana né þjóðfélagslegs eða félagslegs uppruna.
14. Verkamönnum ætti að vera frjálst að ákveða í hvaða námi eða þjálfun þeir kjósa að taka þátt.
15. Eftir því sem þörf krefur ætti að setja sérstakar reglur um námsleyfi með launum,
 - a. þar sem einstakir hópar verkamanna eiga erfitt með að aðlagast hinni almennu skipan, svo sem verkamenn í smáum fyrirtækjum, sveitamenn eða aðrir verkamenn, sem húa á afskekktum stöðum, vaktavinnumenn eða fjölskyldumenn;
 - b. þar sem einstakir flokkar fyrirtækja eiga erfitt með að aðlagast hinni almennu skipan, svo sem smá fyrirtæki og fyrirtæki, sem háð eru árstíðum, enda séu verkamenn í þessum fyrirtækjum ekki sviptir möguleika til þess að njóta námsleyfis með launum.
16. Skilyrðin til þess að eiga rétt á námsleyfi með launum geta verið mismunandi eftir því hvort slíkt leyfi er ætlað til:
 - a. fræðslu á öllum stigum;
 - b. almennrar félagslegrar eða þjóðfélagslegrar fræðslu, eða
 - c. fræðslu um málefni stéttarfélaga.
17. (1) Við ákvörðun skilyrða fyrir því að eiga rétt á námsleyfi með launum ætti að taka tillit til þess, hvers konar fræðslu eða þjálfunar er völ á svo og þarfa verkamannanna, félagssamtaða þeirra, fyrirtækja og hagsmuna almennings.
 - (2) Að því er varðar námsleyfi með launum til fræðslu um málefni stéttarfélaga, ættu hlutaðeigandi stéttarfélög að annast val nemenda.
 - (3) Um það ætti að semja milli fyrirtækja eða atvinnurekendasamtaka annars vegar og verkalýðssamtaka hins vegar, á hvern hátt verkamönnum, sem fullnægja skilyrðum til að fá námsleyfi með launum, skuli veitt slíkt leyfi þannig að starfsemi fyrirtækjanna sé tryggð.
18. (1) Þar sem stéttarfélögin sjálf annast fræðslu um málefni stéttarfélaga, ættu þau að bera ábyrgð á skipulagningu, viðurkenningu og framkvæmd hennar.
 - (2) Þegar slíkt fræðsla er veitt af öðrum fræðslustofnunum ætti að móta hana í samráði milli þeirra stofnana og hlutaðeigandi stéttarfélaga.
19. Eftir því sem aðstæður í landinu, á staðnum eða í fyrirtækinu krefja, ætti að veita forgang til námsleyfis með launum til handa einstökum hópum verkamanna, eða manna í sérstökum störfum, sem eru sérlega þurfandi fyrir fræðslu eða þjálfun.
20. Fjárhagslegur réttur verkamanna meðan á námsleyfi með launum stendur ætti að vera:
 - a. að þeir haldi sínum tekjum óskertum þannig að þeir fái kaup sitt og önnur hlunnindi eða jafngildi þess, eftir því sem ákveðið kann að vera í landslögum eða reglugerðum, heildarsamningum, úrskurðum gerðardóma, eða á annan hátt í samræmi við venju í hverju landi;
 - b. að tekið sé tillit til alls meiri háttar aukakostnaðar vegna námsins eða þjálfunarinnar.
21. Tími sá, sem fer í námsleyfi með launum ætti að jafngilda raunverulegum starfstíma að því er varðar öflun réttinda til félagslegra bóta og annarra réttinda, sem byggjast á starfslíma, eftir því sem kveðið er á í landslögum, eða reglugerðum, heildarsamningum, úrskurðum gerðardóma eða á annan hátt í samræmi við venju í hverju landi.